



**SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ
2021-2023**

**Yfirlit yfir stjórn og nefndir SSÍ,
Skýrsla stjórnar SSÍ
Skýrslur nefnda SSÍ**

Efnisyfirlit

ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2021 TIL 2023	3
<i>Sundþing 2021</i>	3
NEFNDAFÓLK SSÍ	4
SKIPAÐ AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2021-2023	4
SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSTÍMANN 2021-2023	5
Inngangur.....	5
Stjórn SSÍ	8
Skrifstofa SSÍ.....	8
Rekstur og afkoma	9
Landsliðsstarf.....	9
Stefna SSÍ.....	9
Sundíþróttir fyrir alla	10
Lög og reglur	10
Mótahald SSÍ.....	10
Erlent samstarf.....	10
Fjölmíðlar og samskipti	11
Að lokum	11
SKÝRSLUR NEFNDA STARFSÁRIN 2021 TIL 2023	11
AGA OG SIÐANEFND SSÍ 2021-2023 (<i>Ingibjörg</i>)	11
DÓMARANEFND SSÍ 2021-2023	12
Landsliðsmál SSÍ 2021-2023.....	19

ÁRSSKÝRSLA SSÍ STARFSÁRIN 2021 til 2023

64. þing SSÍ var haldið í íþróttamiðstöðinn Laugardal í Reykjavík 1. Júní 2021

Sundþing 2021

Þingforsetar Hörður Þorsteinsson og Hildur Karen Aðalsteinsdóttir

Þingritarar Aðalbjörg Óladóttir
Kjörbréfanefnd Arnar Már Loftsson
Júlía Þorvaldsdóttir
Ingibjörg Helga Arnardóttir

Fjöldi fulltrúa á sundþingi 2021

Samtals 182 frá 67 aðilum hafa seturétt á þinginu . Kjörbréf bárust frá 12 félögum og sambandsaðilum. 32 einstaklingur eru skráðir fullgildir fulltrúar á þingið. Atkvæðafjöldi er 32 og ekkert umboð.

Stjórn, varastjórn og skoðunarmenn reikninga

Kjörin á sundþingi

Stjórn: **Formaður til tveggja ára (2023)**
Björn Sigurðsson ÍBH - Formaður

4 meðstjórnendur til fjögurra ára (2025)

Hörður Oddfríðarson, ÍBR – Ritari
Viktória Gísladóttir, UMSK - Gjaldkeri
Hilmar Örn Jónsson, ÍRB (Hætti störfum í des 2022 og Árni Stefánsson, Ármanni kom inn)
Leifur Guðni Grétarsson, ÍA

2 meðstjórnendur til tveggja ára (2023)

Bjarney Guðbjörnsdóttir ÍA
Elsa María Guðmundsdóttir ÍBA
Júlía Þorvaldsdóttir ÍBR - Varaformaður
Oddur Örnólfsson ÍBR

Skoðunarmenn reikninga:

Lóa Birna Birgisdóttir ÍBR
Guðmundur S.Björnsson SH

NEFNDAFÓLK SSÍ**SKIPAD AF STJÓRN SSÍ STARFSÁRIN 2021-2023****Aga- og siðanefnd:**

Ásdís Vatnsdal Óskarsdóttir, formaður
Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
Jón Hjaltason
Lóa Birna Birgisdóttir
Finnbjörn Aðalheiðarson

Dómaranefnd:

Viktoría Gísladóttir formaður
Ragnheiður B. Björnsdóttir
Björn Valdimarsson
Bryndís Sigurðardóttir
Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
Sigurður Óli Guðmundsson
Sigurþór Sævarsson
Lárus Lúðvík Hilmarsson

Lykilverkefni:**• Mannvirkjanefnd**

Eyleifur Jóhannesson
Davíð Hildiberg Aðalsteinsson
Jakob Jóhann Sveinsson

• Þjóðarleikvangur

Hörður Oddfríðarson

• Iðkendafjöldi

Leifur Guðni Grétarsson
Eyleifur Jóhannesson

Kjörnefnd:

Oddur Örnólfsson
Arnar Loftsson
Ingibjörg Helga Arnardóttir

Launaðir starfsmenn SSÍ 2011-2023

Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri.
Eyleifur Jóhannesson Yfirmaður landsliða og afreksstarfs
Emil Örn Harðarson mót og miðlunarstjóri (Hætti júní 2022)
Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri hlutastarf
Hlín Ástþórsdóttir bókarí hlutastarf

SKÝRSLA STJÓRNAR SSÍ STARFSTÍMANN 2021-2023

Inngangur

Starfstímabil núverandi stjórnar snérist um að ná vopnum sínum aftur eftir erfið tíma eftir Covid 19 faraldurinn sem einkenndi árin á undan. Það var þó ekki fyrr en á fyrsta ársfjórðungi 2022 sem öllum takmörkunum var aflétt og Covid hætti alveg að hafa áhrif daglegan rekstur SSÍ. Það má segja að frá og með þeim tíma hafi ekki verið dauður punktur í starfseminni því að verkin hafa verið ærin og margt sem þurfti að bæta upp frá Covid árunum. Stjórn SSÍ hélt 21 stjórnarfundum á tímabilinu auk þess sem stjórnarmenn hittust eða töluðu saman þess á milli um hin ýmsu mál sem upp komu. Framkvæmdastjóri, yfirmaður landsliða og formaður sátu, auk þess ótal fundi með íþróttahreyfingunni, erlendum samstarfsaðilum, yfirvöldum og öðrum samstarfsaðilum. Mótahald fór af stað sem aldrei fyrr enda uppöfnuð þörf eftir Covid árin. Frestuðum stórmótum á alþjóðavísu komu aftur inn á dagskránnu og mót innanlands fóru á fullt. Það mun örugglega taka íþróttahreyfinguna nokkur ár að ná sér að fullu eftir Covid árin þar sem að brottfall úr í þróttum varð talsvert þau tvö ár sem faraldurinn stóð yfir. Ólympíuleikarnir í Tokyo í Japan voru loks haldnir í júlí 2021 og áttum við þar tvo fulltrúa af 4 fulltrúum Íslands en það að voru þau Anton Sveinn Mckee og Snæfríður Sól Jórunnardóttir. Við áttum einnig fulltrúa á öllum helstu alþjóðlegu mótum á tímabilinu bæði í 25 m og 50 m greinum og verður gert betur grein fyrir þeim hér neðar í skýrslunni en hápunktarnir voru þegar að Anton Sveinn varð 6. í 200 bringu á HM50 í Búdapest þar sem hann endaði í 6. sæti eftir að hafa leitt sundið fyrstu 150 metrana. Snæfríður Sól náði svo frábærum árangri í 200 m skriðundi á HM25 í Ástralíu þar sem hún endaði í 11. sæti á nýju Íslandsmeti. Birnir Freyr Hálfðánarson náði svo þeim frábæra árangri að komast á pall þegar að hann varð í 3ja sæti í 200m fjórsund á EYOF (Ólympíuleikar æskunnar) sem haldnir voru í Slóvakíu síðastliðið sumar.

Að öðru leiti starfaði stjórn SSÍ vel og var lítill ágreiningur um afgreiðslu mála innan hennar. Stjórnarfolk var boðið og búið að bregðast við óvæntum málum sem komu upp hvenær sem er og allir stjórnarmenn unnu að miklum heilindum með hagsmyndir hreyfingarinnar að leiðarljósi. Fundargerðir stjórnar má sjá á heimasíðu SSÍ.

Á síðastasta sundþingi var ákveðið að fækka föstum nefndum SSÍ verulega og setja. Í dag starfa í raun bara tvær nefndir á vegum SSÍ en það eru Dómaranefnd og Aga- og síðanefnd. Landsliðs- og fræðslumál hafa verið færð undir starfssvið afreks og landsliðsþjálfara og kallar hann til sín ráðgjafa, innan eða utan hreyfinga, eftir þörfum. Dómaranefnd er sú nefnd sem heldur fundi reglulega og skilar fundargerðum til stjórnar. Störf dómaranefndar eru til mikillar fyrirmyndar og það er eintaklega faglega að málum staðið. Á síðsta sundþingi voru setta af stað þrjú lykilverkefni en þau eru: Mannvirkjamál, Iðkendafjöldi og Þjóðarleikvangur. Eyleifur Jóhannesson tók að sér að leiða hóp sem fjallaði um Mannvirkjamálin og var markmiði þeirrar nefndar að gera skýrslu sem hægt væri að dreifa til sveitarfélaga sem hyggjast byggja eða endurnýja undmannvirki sem kveður á um hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að mannvirkid sé nýtilegt til kennslu og/eda keppni í sundi. Eyleifur fékk til liðs við sig tvo fyrrum sundmenn þá Jakob Jóhann Sveinnson verkfærðing og Davíð Hildiberg Aðalsteinsson arkitekt. Niðurstaðan úr þeirri vinnu er vönduð skýrsla sem kynnt verður á þinginu. Hörður Oddfríðarson tók að sér að leiða mál varðandi Þjóðarleikvang en fljótlega í ferlinu komumst við að því að ein sér þá kæmumst við lítið áleiðist í þessum málum og ákváðum því að „teika“ þá vinnu sem er innan ÍSÍ í þessum málaflokki og ennþá er langt í land í þessu. Hvað varðar iðendafjölda þá höfum við við hjá sundhreyfingunni alltaf lítið Golfhreyfinguna öfundaraugum en þar eru allir sem stunda íþróttina og skráðir eru í Golfklúbb skráðir Golfíðkenndur. Leifur Guðni Grétarsson tók að sér að leiða verkefnið að bæta iðkendafjölda í sundhreyfingunni. Á fyrstu fundum með borgar og bæjaryfirvöldum var okkur ljóst að um hápólitískt mál væri að ræða og vildu bæjaryfirvöld ekki skipta sér af innbygðis pólitík innan íþróttahreyfingarinnar með það að opna á að allir þeir sem keyptu sér ársmiða í sund væru sjálfkrafa hluti af SSÍ. Það var því ákveðið sem ágætis byrjun að ná utanum alla þá sem eru sannarlega að stunda sund í gegnum félögin og endurspegla nýjar hugmyndir sem liggja fyrir þinginu það markmið meðal annars.

Mótamál voru tekin föstum tókum á tímabilinu. Eins og áður hefur komið fram þá var Leifur Guðni Grétarsson ráðin sem mótastjóri SSÍ. Samhliða því er að hann að vinna að nýrri tæknilausn fyrir upplýsingamál SSÍ og þar eru mótamál stór þáttu. Þessi nýja tæknilausn hefur þegar verið prófum á

tveimur mótum og mun Leifur kynna þessa lausn á þessu sundþingi. Í kjölfar ráðningar Leifs var haldin stefnumótunarkvöld með stjórn SSÍ þar sem farið var yfir hvernig betur sé hægt að halda um verklag og skipulagningu móta. Þetta var skemmtileg „session“ þar sem margar góðar hugmyndir komu fram og verður handbók um mótamál verða uppfærð í kjölfar þessarar vinnu og ekki síst þá skilar þessi vinna sér inn í nýja upplýsingakerfi SSÍ sem áður var nefnt. RIG (Reykjavík International Games) er orðið SSÍ mót með formlegum hætti en fundað var á tímabilinu með Sundfélaginu Ægi um framkvæmd mótsins. Niðurstaðan varð sú að SSÍ muni halda mótið og Sunfélagið Ægir verður framkvæmdaraðili mótsins eins og tíðkast með önnur mót á vegum SSÍ. Í kjölfarið var ákveðið að hætta í RIG samstarfinu við ÍBR þar sem stjórn SSÍ sá sér ekki hag í því að taka þátt í samstarfinu þar sem það var einfaldlega engin akkur í því fyrir sundhreyfinguna annað en aukin vinna við að tengjast þessu samstarfi. Eftir mikil fundarhöld og rökkræður var síðan ákveðið að vera með í RIG samstarfinu að nafninu til og gekk mótið vel. Samstarfið við ÍBR er ennþá í óvissu en við munum engu að síður halda okkur striki þar sem RIG mótið verður áfram hvernig sem samstarf við ÍBR fer.

Það verður ekki annað sagt en að afreksstarf okkar hafi verið unnið með mjög skipulegum og árangursríkum hætti á tímabilinu. Eyleifur Jóhannesson yfirmaður afreksstarfs og landsliðsmála hefur haldið mjög vel um taumana með aðstoð Ingibjargar framkvæmdastjóra ásamt þjálfurum úr félögunum og utanaðkomandi fagaðilum. Landsliðsstarfið er unnið mjög skipulega allt frá framtíðarhópum til A-landsliðs sem tekur þátt í stærstu mótum á alþjóðavettvangi. Þetta skilar ekki einungis góðum og markvissum árangri, sem hefur raungerst með góðum árangri, heldur eflir þetta tengsl sundmanna á milli liða og hópurinn okkar þekkt betur en áður. Við höfum komið okkur upp öflugum teymi í formi stöðþjónustu í afreksmálum. Stjórn SSÍ hélt áfram samstarfi sínu við Ragnar Guðmundsson vegna mælinga á afreksfólki okkar í samvinnu við félög þeirra og þjálfara. Einnig hefur verin lögð aukin áhersla á samvinnu við sjúkrapþjálfara, sálfræðinga og næringafræðinga til að styðja enn frekar við bakið á sundfólkinu okkar.

Haldin var formannafundur þann 8. september 2022 í húsakynnum ÍSÍ. Þáttaka var góð og á fundinum. Í framhaldi af fundinum var haldin fundur um reglugerðar- og áherslubreytingar tengdar SMÍ og AMÍ. Góð umræða átti sér stað og margar góðar ábendingar komu fram. Í framhaldi af fundunum var samþykkt og birt ný reglugerð fyrir bæði mótin.

Dómaramál í sundi eru í föstum skorðum. Stjórn SSÍ leggur mikla áherslu á að viðhalda þekkingu sunddómara á Íslandi. Íslensk sundhreyfing hefur fengið hrós erlendis fyrir virka og góða dómgæslu á alþjóðlegum mótum hér heima og góða þekkingu þeirra dómara sem hafa farið erlendis á okkar vegum til að sinna dómgæslu. Dómaranefnd heldur reglulega fundi og skilar fundargerð til stjórnar SSÍ. Dómaranefnd sér um dómgæslumál á öllu viðurkenndum mótum á atburðadagatali SSÍ. Viktoría Gísladóttir er formaður dómaranefndar og haldið er eintaklega vel um taumana í þessu starf og eigum við dómaranefnd mikið að þakka. Nánar verður fjallað um störf dómaranefndar í sérstökum kafla þessarar skýrslu.

Nýjar sundreglur World Aquatics (Áður FINA) voru uppfærðar í byrjun árs og vann dómaranefnd ótrúlega gott verk í að þýða þessar nýju reglur að staðfæra yfir í okkar regluverk. Það voru margar klukkustundir í að fara yfir þessar nýju reglur og dómaranefnd vann klukkustundum saman í að fara yfir þetta regluverk og koma því yfir á íslensku.

Málefni tengd Transfólki koma óvænt inn í umræðuna síðastliðið sumar þegar að World Aquatics samþykkti á ársþingi sínu reglur sem banna Trans konum að taka þátt í keppnissundi á efstu stigum íþróttarinnar í kvinnagreinum. Hinsvegar var einnig ákveðið að kom upp sérstökum flokki fyrir Transfólk og ekki var verið að útiloka það frákeppni. Ísland, ásamt hinum norðurlöndunum, greiddu atkvæði sitt með þessari tillgu enda lágu fyrir göng sem sann með óyggjandi hætti líffræðilega yfirburði þeirra kvenna sem fara í gegnum kynþroskaskeið sem karlar. Þessi ákvörðun World Aquatics og SSÍ fór illa í Transsamfélagið hér á landi sem efndi til mótmæla fyrir utan húsakynni ÍSÍ og talvert reyndi á formann og framkvæmdastjóra í umræðunni. Í framhaldinu hafa fleiri íþróttgreinar komið fram með bönn að svipuðum toga þar sem að reynir á líkamlegt atgervi og þar sem millimetrar og sekúndubrot skipta máli. SSÍ hefur hinsvega engan áhuga á því að vera í forsvari í þessu máli sem hljóta á endanum að enda hjá alþjóða ólympíusambandinu og ÍSÍ hér á landi.

ÍSÍ og SSÍ hafa hafa tekið höndum saman í tvígang á tímabilinu og haldið lýðheilsuátak um allt land undir slagorðinu „Syndum“ en þar eru sundlaugagerstir um allt land hvattir til að skrá sund sín og stefnan hefur verið að ná sem flestum hringjum í kringum landið. Þetta átak hefur mælst mjög vel fyrir þrátt fyrir að að hafi verið haldið yfir köldustu mánuði ársins og þúsundir manna hafa tekið þátt.

Íslendingar eru vel kynntir í garpasundi á alþjóðavísu. Við höldum Norðurlandamót Garpa í október 2021 í Laugardalslauginni sem gekk með ágætum en það mót var haldið í skugga Covid sem hafði áhrif á þátttöku erlendra gesta. Við sendum einnig fríðan hóp til Færeyja á Norðurlandamótið árið 2022 og svo áttum við fulltrúa á EM Garpa í Róm í september 2022. Hörður Oddfríðarson stjórnarmaður í SSI er formaður Garpanefnda LEN og (World Aquatics) FINA fyrir okkar hönd í gegnum samstarf okkar við norðurlandþjóðirnar.

Fjöldmörg íslensk met voru staðfest á starfstímanum og óvenju margir eru að synda sig inn í afrekshópa okkar. Það er nokkuð ljóst að sáning undanfarinnar ára er farin að skila sér í bættum tímum og betri árangri. Við eigum sundfólk á stærstu sviðum greinarinnar og framtíðin er sannarlega björt.

Stjórn SSÍ

Stjórn SSÍ hélt 21 fundi á tímabilinu en hittist þess utan í smærri hópum til að vinna að einstökum málefnum. Samskipti voru einnig nokkur utan funda meðal annars með rafpósti og í óformlegu samstarfi um einstök verkefni. Stjórnin samanstendur af 8 aðalmönnum auk formanns.

Í kjölfar sundþings 2021 skipti stjórnin með sér verkum, Júlía Þorvaldsóttir er varaformaður, Hörður Oddfríðarson er ritari og Viktoría Gísladóttir var valin gjaldkeri. Hilmar Örn Jónasson kaus að láta af störfum af persónulegum ástæðum í desember 2022 og kom Árni Stefánsson inn í aðalstjórn í hans stað. Framkvæmdaráð var skipað formanni, framkvæmdastjóra og mótastjóra, auk þess sem varaformaður og gjaldkeri komu óreglulega að því starfi einnig.

Elsa María Guðmundsdóttir og Oddur Örnólfsson bjóða sig ekki fram til áframhaldandi setu í stjórn og er þeim þökkúð óeigingjörn störf síðastliðin ár. Okkur hlakkar einnig til að fá ný andlit í stjórnina hjá okkur eftir sundþing 2023. Allir aðrir stjórnarmenn bjóða sig aftur fram til setu í stjórn auk formanns. Góð liðsheild hefur einkennt störf stjórnar enda hefur tekist einkar vel til að leysa úr málum og háttvísi og virðing einkennandi innan hópsins.

Skrifstofa SSÍ

Ingibjörg Helga Arnardóttir er í fullu starfi sem framkvæmdastjóri. Eyleifur Jóhannesson er í fullu staffi sem Landsliðs og afreksstjóri. Emil Örn Harðarson sem var í fullu starfi sem móta og miðlunarstjóri lét af störfum sumarið 2022. Leyfur Guðni Grétarsson stjórnarmaður er í hlutastarfi sem mótastjóri og hefur komið sterkur inn. Hlín Ástþórsdóttir hefur um árabil fært bókhald sambandsins og heldur því starfi áfram.

Tekist hefur smátt og smátt að endurnýja tækja- og skrifstofubúnað SSÍ áfram er nauðsynlegt að huga að endurnýjun. Tekin hefur verið ákvörðun um að endurnýja heimasíðu SSÍ og samhliða því verður fjárfest í nýju kerfi „Sandbox“ sem smíðað er ofan á Microsoft lausnir en það kerfi mun halda utanum öll mál tengdum mótahaldi hjá SSÍ og valda straumhvörfum í starfsemi okkar.

Rekstur og afkoma

Reikningar Sundsambands Íslands liggja fyrir og fylgja skýrslunni í sérkafla. Rekstur ársins 2022 var neikvæður um rúmar 6 milljónir króna en mikill kostnaður féll á sambandið í vegna frestaðra verkefna frá Covid árum. Þrátt fyrir það er fjárhagsleg afkoma er góð til lengri tíma og sambandið er rekið í fjárhagslegu jafnvægi á hverju ári. Sum ár eru auðvitað kostnaðarsamari en önnur, t.d. hafa Ólympíuár yfirleitt verið ferkar dýr, en þetta hefur jafnast mikið síðastliðin 10 ár, þar sem Smáþjóðaleikar, Heims- og evrópumeistaramót eru annað hvert ár. Við höfum loksins náð þeim áfanga á síðastliðnum árum að sundfólkið hefur ekki þurft að greiða með sér þegar það tekur þátt í afreksverkefnum sem tengjast mótum á okkar vegum og vonum við að við getum haldið því áfram. Þannig höfum við náð áföngum í að uppfylla metnaðarfulla stefnu okkar. Afrekssjóður hjálpar mikið, en hafa verður í huga að sambandið þarf að koma með eigið styrktarfé á móti sjóðnum í fjármögnun afreksstarfs og uppbyggingu, til þess að eiga möguleika á að hámarka styrki okkar sem A-samband. Mikil vinna hefur verið í gangi við að gera nýjan samning við Ríkið um að auka fé til afreksíþróttar og mun sú vinna halda áfram.

Góð fjárhagsleg afkoma er grundvöllur þess að áætlanir okkar gangi upp, þ.e. að við náum að byggja upp öflugan afrekshóp með einstaklingum sem eiga þá von um úrslitasund og verðlaun á stórmótum.

Speedo er ennþá aðalstuðningsaðili okkar.

Markmið okkar er enn sem fyrr að framlag frá Alþingi, Lottótekjur og þjónustugjöld ásamt hluta útbreiðslustyrks standi undir launagreiðslum og rekstri skrifstofu sambandsins og þjónustu við félög og deildir. Styrkir vegna landsliða hafa fyrst og fremst komið frá Afrekssjóði ÍSÍ og Speedo á Íslandi.

Landsliðsstarf

Eins og áður sagði þá hefur Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða og afreksstarfs sett mikinn svip á starf okkar með góðu skipulagi og gegnsæjum markmiðum. Leifi hefur yfirumsjón með lágmörkum og viðmiðum fyrir afreksstarfið okkar. Eins og áður sagði þé hefur Leifa tekist að hækka ráanna hjá okkur og við erum að uppskera það með fjölda efnilegs sunnfólks sem er að synda sig inn í hópa okkar. Leifi er einnig í góðu samstarfi við þjálfara félaganna og alltaf eru fleira og fleira sundfólk að komas inn á radarinn. Eftir að Leifi kom til starfa þá höfum við tekið þau störf sem áður voru í höndum landsliðsnefndar meira innanhúss en leitum áfram til þeirra aðila sem nefndina skipuðu til að vera okkur innan handar. Það sama gildir um fræðslumál sem áður voru á borði fræslunefndar. Með tilkomu Leifa er markið setta enn hærra en áður sem eiga að skila okkur auknum gæðum og getu hjá sundfólki okkar. Árangur sunnfólks á síðustu tveim árum hefur verið mjög góður. Við erum að sjá aukningu í fjölda sunnfólks sem er í framtíðarhópum okkar sem síðan stíga upp í unglingsstarfið og þaðan inn í A-landslið þannig framtíðin er björt. ÍSÍ hefur nýlega ráðið nýjan afreksstjóra, Véstein Hafsteinsson og bindum við hjá SSÍ miklar vonir við samstarf við hann.

Stefna SSÍ

Uppfærð stefna SSÍ var samþykkt á síðasta sundþingi ásamt sérstakri afreksstefnu og liggur hvorutveggja fyrir sundþingi nú í yfirfarinni útgáfu. Að þessu sinni gáfum við öllum í hreyfingunni kost á að koma með tillögur og athugasemdir við stefnuna. Engar tillögur bárust og tókum við því sem skilaboðum um að litlu væri við að bæta þar sem okkur hefði tekist vel á undanförunum árum að þróa bæði almenna stefnu og afreksstefnu sem stæðust báðar tímans tönn nokkuð vel. Það er því með gleði sem við leggjum nýjar stefnur fram til staðfestingar á þessu Sundþingi þar sem þær uppfylla báðar væntingar sundhreyfingarinnar og Afrekssviðs ÍSÍ.

Stefnur sem þessar eiga að vera í sífelltri endurskoðun, eiga að vera lifandi og breytilegar eftir aðstæðum en þær eru grundvöllur þess að við getum fengið styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ.

Stefnumótun SSÍ er ekki eingöngu til gagnvart afreksfólkinu okkar og þess vegna er hún útfærð fyrir aðrar sundíþróttir og almenning. Við þurfum að komast í samstarf við sveitastjórnir og ráðuneyti íþróttar til að herða upp á þeirri sjálfssögðu kröfu að allir Íslendingar eigi að kunna að synda og ekki síður að sundlaugamannvirki verði byggð upp sem víðast með hagkvæmum hætti.

Sundíþróttir fyrir alla

Iðkenndatölur SSÍ eru á reiki en fjöldi iðenda hefur verið svipaður á millii ára eða í kringum 4 þúsund manns. Skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar, Felix, stóð ekki undir væntingum og hefur íþróttahreyfingin fært skráningar sínar yfir í Sportabler. Það er okkur í SSÍ mjög mikilvægt að allir sem á einhvern hátt iðka sundíþróttir innan okkar raða séu skráðir rétt. Það verður eitt af stóru verkefnum nýrrar stjórnar SSÍ að koma skikki á þau mál. Við þurfum að finna leið til að ná til fleiri einstaklinga, til að fjölga iðkendum í sundíþróttum. Reynt hefur verið að auka iðkun í sundknattleik og er mikil áhersla lögð á það hjá bæði LEN og World Aquatics. Vinan við að stofna íslenska deild í sundknattleik er í gangi í samvinnu við Mladens Tepavecvic. Nauðsynlegt er að ná betra samstarfi við sundkennara til að kynna sundknattleik og keppnissund, sem er annað stórt verkefni fyrir nýja stjórn að takast á við.

Víðavatnssund er sú sundíþrótt sem hefur no tíð mikilla vinsælda hin síðari ár og er stöðugt að bæta við sig meðal almennings.

Garpastarfið hefur heldur staðnað og nauðsynlegt að ná samstarfi við Þríþrautasamband Íslands um sameiginlega skráningu árangurs. Nokkrir garpar hafa komið til keppni bæði á EM og NM garpa

Keppni í dýfingum eða samhæfðri sundfimi fór ekki fram á tímabilinu, en í vetur komumst við í samband við tvær íslenskar stúlkur sem búa í Japan. Þær munu keppa fyrir Íslands hönd í samhæfðri sundfimi og vonandi verður framhald á því.

SSÍ hefur staðið fyrir grunnskólasundmóti mörg undanfarin vor sem lagðist af í Covid. Nauðsynlegt er að ná þessu móti af stað aftur þar sem að góð stemning myndaðist og keppnin var hörð. Alls tóku 650 keppendur þátt í mótinu þegar að best lét. Nauðsynlegt verður að koma þessu móti aftur á koppinn til að auka áhuga unglinga á sundi og stuðla að frekari útbreyðslu íþróttarinnar.

Sameiginlegt átak ÍSÍ og SSÍ „syndum“ hefur verið haldið síðastliðin tvö ár þar sem almenningur er hvattur til að skrá sund sín og safna kílómetrum og „synda í kringum landið“. Þetta hefur mælst vel fyrir og þáttakandur í átakinu, sem haldið hefur verið í tvígang, hefur talið í þúsundum.

Lög og reglur

Á þessu þingi liggur fyrir ein lítilsháttar lagabreytingatillaga sem snýst um orðalag. Einnig er tillaga um þingið staðfesti breytingar stjórnar SSÍ á reglugerðum SSÍ en reglugerðir sambandsins eru í eðli sínu lifandi skjal og er það í höndum stjórnar að samþykkja breytingar á reglugerðum komi rökstuddar tillögur þess efnis en hefði er fyrir að sundþing staðfesti það sem er nýtt í reglugerðum á milli þinga.

Mótahald SSÍ

Eins og fram hefur komið þá hefur verið lögð mikil áhersla á tímabilinu í mótamál. Stjórn SSÍ var með stefnumótum um mótamála á síðasta árið þar sem að margir góðir punktar komu fram. Stjórn hefur fjallað ítarlega um mótamálin og Leifur Guðni Grétarsson hefur verið ráðin sem mótastjóri og tekið mótamálin föstum tókum. Þá er verið að smíða nýtt kerfi sem gerir allt mótahald auðveldara og gagnsæi verður meira. Öll mót á vegum SSÍ eru nú haldin í samvinnu við félög hverju sinni og samstarfið hefur gengið ljómandi vel. Þá er RIG orðið hluti af SSÍ mótunum. Reglugerðum um AMÍ og SMÍ var breytt á hausmánuðum síðasta árs eftir mikla og ítarlega umfjöllun innan hreyfingarinnar. Haldin var sérstakur fundur í kjölfar formannafundar þar sem farið var ítarlega yfir þær breytingar sem voru í farvatningu og í kjölfarið var samþykkt reglugerðarbreyting um mótin.

Erlent samstarf

Norðurlandþjóðirnar hafa staðið þétt saman og stutt hverjar aðra innan LEN og FINA. Formaður áttu fund með formönnum LEN og World Aquatics (áður FINA) í Kaupmannahöfn snemma árs 2022. Þá hafa verið haldnir fjölmargir fundir innan NSF samstarfsins í gegnum fjarfundarbúnað. Málefni Rússland og Hvíta Rússlands hafa verið ofarleiga á baugi og er mikill samhljómur meðal þeirra sem mynda NSF samstarfið um að banna þessu þjóðum þátttöku í alþjóðamótum á meða stríð ríkir í Úkraínu. Hörður J. Oddfríðarson ritari stjórnar SSÍ er formaður garpanefnda LEN og World Aquatics.

Það er okkur mjög mikilvægt að halda okkar góða orðspori sem við höfum í alþjóðlegu samstarfi og alþjóðlegir dómarafrá Íslandi hafa svo sannarlega lagt inn á þann reikning með fagmennsku sinni og háttvísi.

Fjölmiðlar og samskipti

Í breyttum heimi fjölmiðlunar höfum við þurft að koma okkur upp okkar eigin miðlun bæði í formi útsendinga frá mótum og í formi tilkynninga til hefðbundinna fjölmiðla.

Á undanförunum árum höfum streymt á netinu mótum sambandsins og hefur það gefið góða raun og tæknin og gæðin hafa verið betri og betri. Undanfarin misseri höfum við unnið þetta í samstarfi við Rúnar Pál Bryjúlfsen sem er vel tækjum búinn og hefur gert þessu góð skil m.a með því að vera með nokkrar myndavélar og náð að birta tímatöflu í útsendingum. Þá höfum við einnig verið með lýsanda í úrslitahlutum stærstu móta okkar og hefur það gefið góða raun. Gæði streymisins eru orðin með þeim hætti að fjölmiðlar eru farnir að fá afrit af því til að nota sem innslög í fréttatíma. Þá höfum við einnig dæmi um að streymið hefur hjálpað þjálfurum mikið í þjálfun með því að sýna keppendum eftirá hvernig sund þeirra var. Þá hefur RUV einnig staðið sig vel í útsendingum af viðburðum og ber þá helst að nefna Ólympíuleika, ÍM50 og og innlög úr helstu mótum okkar svo að eitthvað sé nefnt. Þetta breytta landslag sem orðið hefur í fjölmiðlum hefur orðið til þess að það er mikilvægara fyrir okkur en nokkru sinni fyrr að senda eigin fjölmiðlafulltrúa á mót okkar erlendis til að færa fréttir af mótinu og sundfólkinu okkar.

Samskipti við félögin hafa verið með ágætum þetta starfstímabil. SSÍ hefur lagt til fræðslu og leiðbeiningu til minni félaga úti á landi, en þjálfarar, mótastjóri, yfirmaður landsliðsmála og fleiri innan SSÍ hafa sinnt því. Þá hefur stjórnarmönnum í SSÍ verið boðið að sitja aðalfundi aðildarfélaga innan sambandsins og stjórn SSÍ þiggur slík boð með þökkum enda gaman að sjá það starf sem fer fram inn í hreyfingunni.

Langflestir þeirra sem eru að störfum innan íþróttahreyfingarinnar eru í sjálfböðavinnu og eyða miklum tíma í þágu íþróttanna. Það reynist æ erfiðara að fá fólk til starfa í íþróttahreyfingunni, sem er kannski skiljanlegt, þar sem fólk greiðir oft en ekki með sér á ýmsan hátt.

Að lokum

Í sundhreyfingunni er fjöldi fólks tilbúið að leggja á sig ómælda vinnu til að sundfólkið okkar geti stundað íþrótt sína af fullum krafti. Alla jafnan er sjálfböðaliðastarfið skemmtilegt og gefandi, en stundum kemur upp misskilningur og leiðindi sem nánast alltaf má rekja til þess að fólk hefur ekki réttar upplýsingar eða hefur ekki leitað þeirra hjá þeim sem þær hafa. Ég hvet alla sem vinna að sundi á Íslandi að gæta að náunga sínum, hvort sem sá er í sama félagi eða ekki, því við erum öll mannleg og misjöfn. Við skulum áfram hafa það að leiðarljósi að vera góð hvort við annað. Við erum öll að vinna að sama marki. Mannauðurinn sem hreyfingin býr að er fjársjóður sem við þurfum að gæta að til að það skili sér í öflugri og sístækkandi sundíþróttahreyfingu á Íslandi.

Fyrir hönd SSÍ þakka ég öllum sem hafa lagt hönd á plóg á undanförunum árum, hvort sem um er að ræða dómgæslu, tæknivinnu, verðlaunaveitingar, umferðarstýringar, veitingasölu, fararstjórn, foreldri eða hvað sem er annað sem hefur orðið til þess að betri árangur hefur náðst. Þá þakka ég stjórnarfólki og starfsfólki SSÍ, nefndarfólki, þjálfurum, sjúkrapþjálfurum, fararstjórum og öðrum þeim sem hafa með beinum hætti komið að starfi SSÍ á undanförunum árum kærlega fyrir samstarfið. Þá vil ég bera sérstakar þakkir til Ingibjargar Helgu Arnardóttur framkvæmdastjóra SSÍ fyrir frábærlega unnin störf. Ingibjörg hefur vaxið gríðarlega í starfi og er vakin og sofin yfir hagsmunum hreyfingarinnar dag og nótt.

Við erum hreyfing sem telur 7 viðurkenndar íþróttagreinar, þar af 5 Ólympíugreinar. Við eigum ónýtta möguleika til að verða fyrirferðameiri og stærri, þannig að þeir sem stunda þessar íþróttagreinar fái möguleika á að takast á við sundíþróttafólk á alþjóðlegum vettvangi. En fyrst þurfum við að vinna heimavinnuna okkar.

Fh stjórnar Sundsambands Íslands
Björn Sigurðsson
formaður SSÍ

Skýrslur nefnda starfsárin 2021 til 2023

AGA OG SIÐANEFND SSÍ 2021-2023 (Ingibjörg)

Aga og siðanefnd SSÍ 2021-2023 skipa þau; Ásdís Ó Vatnsdal formaður, Hildur Karen, Aðalsteinsdóttir, Jón Hjaltason, Lóa Birna Birgisdóttir, Finnbjörn Aðalheiðarson. Eitt mál kom fyrir aga-og siðanefnd á tiambilinu sem endaði með sátt.

DÓMARANEFND SSÍ 2021-2023

Í dómara nefnd SSÍ árið 2021 – 2023 störfuðu:

Viktoría Gísladóttir, *formaður*.

Björn Valdimarsson, *varaformaður*.

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, *ritari*.

Sigurður Óli Guðmundsson, *sér um sundreglur og utanumhald skráningu starfa dómara*.

Bryndís Sigurðardóttir,

Sigurþór Sævarsson,

Hilmar Örn Jónasson, *baðst lausnar úr stjórn SSÍ í nóvember 2022*

Lárus Lúðvík Hilmarsson,

Ragnheiður Birna Björnsdóttir, *kom inn í dómara nefnd í október 2022*

Vilhjálmur Ingimarsson, *hann lést 8. apríl 2021*.

Helstu verkefni nefndarinnar:

Á árunum 2021 og 2022 voru haldnir 13 nefndarfundir.

Listi um starfandi sunddómara er reglulega yfirfarin og uppfærður hjá dómara nefnd. Þegar nemandur hafa safnað viðeigandi punktafjölda (samaltals 40) eru þeir uppfærðir í almenna sunddómara og nöfn þeirra birt á heimasíðu SSÍ í fundaragerðum nefndarinnar.

Dómara nefnd heldur utan um innsendar skýrslur um störf sunddómara á sundmótum og viðheldur lista yfir punktasoöfnun dómara sem er uppfærður eftir hvert mót.

Nefndin sér jafnframt um að halda dómara námskeið fyrir almenna sunddómara, endurmenntun dómara sem og þjálfun og námskeið fyrir yfirdómara.

Meistaramót og stórmót innanlands.

2021:

RIG í Laugardalslaug, Reykjavík 5. – 7. febrúar.

Gullmót KR í Laugardalslaug, Reykjavík *fellt niður vegna COVID*

Ásvallamót SH í Ásvallalaug, Hafnarfirði 20. – 21. mars.



Yfirdómarar og yfirdómaranemi á Ásvallamót SH í Hafnarfirði 2021

ÍM/ÍF 50 í Laugardalslaug, Reykjavík 23. – 25. apríl

Sumarmót SSÍ í Ásvallalaug, Hafnarfirði 5. – 6. júní

AMÍ haldið á Akureyri, 24. – 27. júní
 ÍM í víðavatnssundi, Nauthólsvík, féll niður.

IMOC í Laugardalslaug, Reykjavík 18. – 19. september

Nordic Open Masters, Laugardalslaug, Reykjavík, 8. – 9. október

ÍM 25 í Laugardalslaug, Reykjavík 12. – 14. nóvember

Bikarkeppni í Vatnaveröld, Reykjanesbæ 17. – 18. desember

2022:

RIG í Laugardalslaug, Reykjavík 28. – 30. janúar

Gullmót KR í Laugardalslaug, *felld niður vegna COVID*

Ásvallamót SH í Ásvallalaug, Hafnarfirði 19. – 20. mars

ÍM/ÍF 50 í Laugardalslaug, Reykjavík 8. – 10. apríl

IMOC haldið í Ásvallalaug, Hafnarfirði 6. – 7. maí

Sumarmót SSÍ í Ásvallalaug, Hafnarfirði 18. – 19. júní

AMÍ í Vatnaveröld, Reykjanesbær 24. – 26. júní



Dómarar á AMÍ í Vatnaveröld júní 2022

ÍM í víðavatnssundi Nauthólsvík - *felld niður*

ÍM/ÍF 25 í Ásvallalaug, Hafnarfirði 18. – 20. nóvember

Bikarkeppni SSÍ í Vatnaveröld, Reykjanesbæ 16. – 17. desember

Verkefni erlendis:

2021:

EMU í Róm, Ítalíu, 6. – 11. júlí 2021

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir



Á leið á mótstað – allir með grímu og strangar sóttvarnir á Ítalíu á þessum tíma.

EM 25 í Kazan, Rússlandi, 2. – 7. nóvember 2021

Ragnheiður Birna Björnsdóttir



Dómarafundur fyrir mótshluta á EM 25 í Kazan, Rússlandi.

2022:

EMU í Búkarest, Rúmeníu 5. – 10. júlí 2022

Ragnheiður Birna Björnsdóttir



Dómarar á EMU í Búkarest, Rúmeníu í júlí 2022.

EM 50 í Róm, Ítalíu 11. - 17. ágúst 2022

Björn Valdimarsson og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir



Dómarar á EM í Róm á Ítalíu í ágúst 2022.

Dómaranámskeið:

Haldin voru 13 námskeið 2021 – 2022 fyrir almenna sunddómara.

Námskeiðin voru haldin í Reykjavík, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Akranesi og Akureyri.

Leiðbeinendur á námskeiðunum voru Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson og Sigurþór Sævarsson.

Yfirdómaranámskeið hófst haustið 2019. Ekki var unnt að útskrifa yfirdómaranema haustið 2020 sökum COVID en þrír útskrifuðust á ÍM 50 í apríl 2021. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru Björn Valdimarsson og Jón Hjaltason. Nýtt yfirdómaranámskeið hófst í febrúar 2022, 4 dómarar hófu námskeiðið og hefur einn úr hópnum útskrifast á ÍM 25 í nóvember 2022.

Endurmenntun:

Á ÍM 25 nóvember 2021 héldu Ragnheiður Birna Björnsdóttir, þá nýkomin af EM 25 í Kazan í Rússlandi og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, sem fór á EMU í Róm um sumarið, erindi fyrir sunddómara og fóru yfir hvað hafði helst borið á góma á þeim mótum og hvað við getum nýtt okkur til að hækka gæði sunddómgaeslu og um leið sundmóta á Íslandi.

Alþjóðlegir dómarar SSÍ:**FINA listi # 20 gildir frá 01.01.2019 – 31.12.2022**

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir – yfirdómari

Sigurður Óli Guðmundsson - yfirdómari

Pórunn Kristín Guðmundsdóttir – yfirdómari

Ásmundur S. Jónsson – ræsir

Sigurþór Sævarsson – ræsir

FINA listi # 21 gildir frá 01.01.2021 – 31.12.2024

Björn Valdimarsson – yfirdómari

Ragnheiður Birna Björnsdóttir – yfirdómari

Sigrún Guðmundsdóttir – yfirdómari

Magnús Steinarsson – ræsir

Sarah Buckley – ræsir

Almennir dómarar SSÍ:

Gaman er að rýna í tölfræðina á bakvið dómarana.

2021:

248 dómarar voru á lista í árslok skráðir í 24 félögum. 140 virkir dómarar, sem hafa safnað allt frá 3 punktum til 258 punkta og tóku þátt í 34 mótum skráðum hjá dómaranefnd á Íslandi og í erlendum verkefnum. Alls gáfu þetta 6273 punkta á árinu.

2022:

266 dómarar á lista í árslok skráðir í 24 félögum. 139 virkir dómarar, sem hafa safnað allt frá 3 punktum til 247 punkta og tóku þátt í 39 mótum skráðum hjá dómaranefnd á Íslandi og í erlendum verkefnum. Alls söfnuðu þessir dómarar 6374 punktum á árinu.

Önnur mál:

Vel gekk að manna sundmót á árunum 2021 og 2022.

LEN dómara ráðstefna var haldin í Belfast á Norður Írlandi 25. – 27. nóvember 2022. Voru sex íslenskir yfirdómarar sem sóttu ráðstefnuna. Helsta málefni ráðstefnunnar var að samræma störf sunddómara í Evrópu sem og að kynna fyrir dómurum væntanlegar breytingar á sundreglum sem tóku gildi 1. janúar 2023. Í kjölfar ráðstefnunnar var íslensku þátttakendunum falið að uppfæra og þýða reglubreytingarnar yfir á íslensku.

Reykjavík 12. apríl 2023

Fh. Dómaranefndar SSÍ

Viktoría Gísladóttir

formaður

Landsliðsmál SSÍ 2021-2023**Afreksmál 2021 - 2022**

Árið 2021 var erfitt ár fyrir íþróttahreyfinguna vegna COVID-19. Þrátt fyrir miklar takmarkanir og lokannar á köflum, tókst hreyfingunni að komast ágætlega í gegnum árið og án mikilla áfalla. Á þessu Covid ári var ekki mikið um verkefni erlendis. Í allt sendi SSÍ 59 sinnum einstaklinga erlendis til 8 landa á árinu. 43 sinnum sundfólk (19 kk / 24 kvk) og 16 sinnum starfsfólk (fagteymi). Árið 2022 var fyrsta árið þar sem hlutirnir voru nokkuð eðlilegir eftir COVID-19. Eftir tvo ár þar sem mörgum viðburðum var aflýst, frestað eða haldnir við miklar takmarkanir, voru öll stóru sundmótin haldin og meira til.

Árið var mjög annasamt og mikið um verkefni á vegum SSÍ erlendis. Má þar nefna að SSÍ sendi í allt 149 sinnum einstaklinga erlendis til 14 mismundandi landa. 114 sinnum sundfólk (57 kk / 57 kvk) og 35 sinnum starfsfólk (fagteymi).

Góður árangur 2022

Árið 2021 bauð upp á ágætis árangur, þrátt fyrir mjög skriðið ár. Þar má helst nefna 16 manna úrslit hjá Antoni Sveini Mckee í 100m og 200m bringusundi og hjá Snæfríði Sól Jórunnardóttur í 200m skriðsundi á EM25 í Kazan. Ólympíuleikarnir voru haldnir í Tokyo þar sem Snæfríður gerði sér lítið fyrir og bætti Íslandsmetið sitt í 200m skriðsundi og endaði í 20. sæti á sínum fyrstu Ólympíuleikum. Stöllurnar Freyja Birkisdóttir og Eva Margrét Falsdóttir nældu í fyrstu verðlaun Íslands á Norðurlandamóti Unglinga í yfir 10 ár. Freyja vann brons í 400m skriðsundi og Eva Margrét vann brons í 200m fjórsundi.

Árið 2022 fór árangurinn fram úr björtustu vonum. Þar ber helst að nefna sjötta sætið hjá Antoni Sveini Mckee í 200m bringusundi á Heimsmeistaramótinu í Búdapest og Evrópumeistaramótinu í Róm. Snæfríður Sól Jórunnardóttir komst í 16 manna úrslit í 200m skriðsundi á Evrópumeistaramótinu í Róm og í 100m skriðsundi á Heimsmeistaramótinu í Melbourne.

Bestum árangri unglina náði Birnir Freyr Hálfðánarson sem vann brons verðlaun á Ólympíudögum Evrópuæskunnar í 200m fjórsundi, fyrstu verðlaun Íslands á þessum leikum í 25 ár. Birnir vann einnig til tvennra gullverðlauna á Norðurlandamóti Æskunnar og gull í 200m fjórsundi á Norðurlandameistaramótinu. Einar Margeir Ágústsson stóð sig frábærlega á Evrópumeistaramóti Unglinga þar sem hann komst í 16 manna úrslit í 100m bringusundi, fyrsti Íslendingurinn síðan 2011 til að ná þessum áfanga.

50 íslensk met sett árið 2022

Árið 2022 var líflégt og mörg Íslands-, Unglinga- og Aldursflokkamet voru sett. Í allt voru sett 9 Íslandsmet, 20 Unglingamet, 14 Aldursflokkamet og þar fyrir utan 7 boðsundsmet. Anton Sveinn Mckee bætti í þriggja Íslandsmetið sitt í 200m bringusundi í 50m laug og Snæfríður Sól Jórunnardóttir bætti sex sinnum Íslandmet í 25m laug, fjórum sinnum í 100m skriðsundi og tvisvar sinnum í 200m skriðsundi. Margir ólíkir einstaklingar settu met í yngri flokkum, þar má nefna Birnir Freyr Hálfðánarson, Einar Margeir Ágústsson Freyja Birkisdóttir, Ylfa Lind Kristmannsdóttir og Vala Dís Cicero.

Íslensk meistaramót**Íslandsmeistaramótið í 50m laug fór fram í Laugardalslaug helgina 23 – 25. apríl**

Allt fram til 10 dögum var ekki útlit fyrir að mótið var haldið vegna sóttvarntakmarka. Þann 13. apríl fengum við grænt ljós að halda mótið með mjög takmörkuðum fjölda keppenda, vel innan við 100. Sundfólkið var frelsinu fegið og stóð sig ótrúlega vel við þessar aðstæður. Í allt voru 8 íslenskmet sett á mótinu og margir syntu sig inn í landsliðshópa og inn á alþjóðleg meistaramót sumarsins.

Sigurðarbikarinn: Eva Margrét Falsdóttir – ÍRB

Pétursbikarinn: Kristinn Þórarinsson – Fjölnir

Kolbrúnarbikarinn: Snæfríður Sól Jórunnardóttir, Aalborg

Ásgeirsbikarinn: Steingerður Hauksdóttir, SH

Aldursflokkameistarmót Íslands var haldið á Akureyri helgina 25. -27. júní

Mótið fór fram í Sundlaug Akureyrar dagana 25-27. júní í samstarfi við Sundfélagið Óðinn. 16 félög tóku þátt í mótinu að þessu sinni. ÍRB varð aldursflokkameistarar 2021, ÍRB hlaut 976 stig, í öðru sæti varð Sundfélag Hafnarfjarðar með 815 stig og í þriðja sæti Sunddeild Breiðabliks með 761 stig.

Íslandsmeistaramótið í 25m laug fór fram í Ásvallalaug helgina 12. – 14. nóvember 2021

Í heildina voru sett 2 Íslandsmet, 8 piltamet, 1 telþnamet og 1 drengjemet á mótinu um helgina. Stigahæsta sundfólk helgarinnar samkvæmt stigatöflu FINA náði Dadó Fenrir Jasminuson úr SH fyrir 100m skriðsund en fyrir það fékk hann 737 stig. Jóhanna Elín Guðmundsdóttir úr SH varð stigahæst kvennamegin með 773 stig, einnig fyrir 100m skriðsund.

Íslandsmeistaramótið í 50m laug fór fram í Laugardalslaug helgina 8. – 10. apríl 2022

Flottur árangur náðist á mótinu og margir náðu inn í alþjóðleg verkefni sumarsins. 6 unglíngamet og 4 aldursflokkamet voru sett og gaman að sjá að við eigum ungt og efnilegt sundfólk á leiðinni. Viðurkenningar fyrir góðan árangur á og á milli ÍM50 móta. Eftirtaldir bikarar voru veittir:

Sigurðarbikarinn: Aron Þór Jónsson, Breiðablik

Pétursbikarinn: Anton Sveinn McKee, SH

Kolbrúnarbikarinn: Snæfríður Sól Jórunnardóttir, Aalborg

Ásgeirsbikarinn: Steingerður Hauksdóttir, SH

Aldursflokkameistarmót Íslands var haldið í Reykjanesbæ helgina 24. -26. Júní 2022

Mótið fór fram í Vatnaveröld í Reykjanesbæ og alls tóku um 200 keppendur þátt í mótinu frá 13 félögum víðs vegar um landið. ÍRB varð aldursflokkameistarar 2022 og er þetta annað árið í röð sem ÍRB fær þetta sæmdarheiti. ÍRB hlaut 790 stig, í öðru sæti með 737 stig var Sundfélag Hafnarfjarðar og í þriðja sæti með 353 stig var Sunddeild Breiðabliks.

Sumarmót SSÍ var haldið í Ásvallalaug helgina 18. – 19. Júlí 2022

Þetta er í annað sinn sem mótið er haldið og bindur SSÍ miklar vonir við að þetta mót sé komið til að vera og að heimsóknir frá erlendum félögum muni aukast á komandi árum. Þetta mót var liður í undirbúningi sundfólksins sem er að fara á Norðurlandameistaramót Æskunnar,

Evrópumeistaramót unglínga og Evrópuleika Æskunnar, en öll þessi mót fara fram í júlí.

Í lok móts voru veitt peningaverðlaun fyrir 3 stigahæstu einstaklingana í unglíngaflokki, 3 stigahæstu einstaklinga í fullorðinsflokki og 3 stigahæstu liðin.

Íslands- og Unglíngameistaramóti í 25m laug fór í Ásvallalaug helgina 18. – 20. Nóvember 2022

Það voru sett 2 Íslandsmet, 5 unglíngamet og 4 aldursflokkamet á mótinu og mikið var um góðar bætingar. Það er sannarlega hægt að gleðjast yfir þessum góða árangri um helgina og allri umgjörð mótsins.

Besta afrek í kvennaflokki á mótinu samkvæmt FINA stigtöflu vann Freyja Birkisdótti fyrir 400m skriðsund en hún fékk 738 stig. Besta afrek í karlaflokki samkvæmt stigatöflunni vann Snorri Dagur Einarsson fyrir 100m bringusund, en hann fékk 770 stig.

Bikarkeppni Sundsambands Íslands fór fram í Reykjanesbæ 16. – 17. desember

Sundfélag Hafnarfjarðar varð sigurvegari í 1. deild karla og kvenna. B-lið SH vann einnig í 2. deild karla og kvenna en þar sem B-lið geta ekki unnið sig upp í 1. deild sitja þau eftir í 2. deild.

Framtíðarhópur

Fyrir Framtíðarhóp eru þrennar æfingahelgar ár hvert. Allar helgarnar voru byggðar upp á sama hátt, þær hefjast laugardags morgun og enda um hádegi sunnudag. Æfingahelgarnar inniheldu tvær sundæfingar, tvo fyrirlestra og kynningu frá yfirmanni landsliðsmála fyrir bæði sundfólk og foreldra. Á laugardagskvöldinu er haldið eitthvað hópefli til að þetta hópinn.

Árið 2021

41 ungt, áhugasamt og frambærilegt sundfólk tók þátt auk 8 félagsþjálfara í fyrstu æfingadegi Framtíðarhóps í Laugardalnum 10. maí. Vegna takmarkana var ekki hægt að hafa gistingu að þessu sinni, en það kom ekki að sök. Vaka Rögnvaldsdóttir, doktor í Íþróttá- og heilsufræði hélt fyrirlestur um næringu og góðar venjur auk þess sem Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála fór yfir leiðina að árangri. Eftir þetta rölti hópinn niður í Laugardalslaug á æfingu þar sem fulltrúar frá þeim liðum sem áttu einstaklinga í hópnum tóku virkan þátt. Til að loka deginum var hópnum skellt í rútu og efnt til keilumóts og boðið í pizzuveislu.

30 manna sundhópur ásamt 7 þjálfurum tók þátt þriðju og síðustu helginni sem fór fram í Laugardal 4. – 5. september. Fyrirlesarar voru Gauti Grétarsson sjúkráþjálfari og Eygló Ósk Gústafsdóttir fyrrum afrekskona í sundi. Hópurinn fór í mínigolf í Mínígarðinum laugardagskvöldið.

Árið 2022

32 manna sundhópur ásamt 6 þjálfurum tók þátt í fyrstu æfingahelg ársins sem fór fram í Laugardalnum 15. - 16. janúar. Fyrirlesarar helgarinnar voru Bragi Reynir Sæmundsson sálfræðingur og Jakob Jóhann Sveinsson fyrrum afreksmaður í sundi. Hópurinn fór í keilu á laugardagskvöldinu.

31 manna sundhópur ásamt 5 þjálfurum tóku þátt í æfingahelgi númer tvö sem var haldin í Reykjanesbæ 30. apríl - 1. maí. Fyrirlesarar helgarinnar voru Birna Varðardóttir næringarfræðingur og Hrafnhildur Lúthersdóttir fyrrum afrekskona í sundi. Bingókvöld var haldið á laugardagskvöldinu.

23 manna sundhópur ásamt 6 þjálfurum tók þátt þriðju og síðustu helginni sem fór fram í Hafnarfirði 3. – 4. september. Fyrirlesarar voru Vaka Rögnvaldsdóttir heilsufræðingur og Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir fyrrum afrekskona í sundi. Skemmtikvöld var haldið fyrir hópinn á laugardagskvöldin.

15 manna hópur valinn til að taka þátt í alþjóðlegu sundmóti sem haldið var í Taastrup í Danmörku. Mótið er liður í undirbúningi þessa krakka að taka þátt í stærri alþjóðlegum mótum í framtíðinni. Sundfólkið okkar náði sér í 19 verðlaun á mótinu og átti einnig stigahæsta sund mótsins.

Landsliðshópar

Fyrir landsliðshópa SSÍ er markmiðið að halda þrenna viðburði innanlands, einar æfingabúðir og eitt alþjóðlegt sundmót erlendis á hverju ári. Sundmælinga í janúar og september. Styrktar mælingar eru framkvæmdar samliða sundmælingum í janúar. Æfingabúðir eru svo í ferbrúar og á vormánuðum var svo haldin æfinga og fræðsludagur fyrir hópana og alþjóðlegt móti í boði á sumarmánuðum.

Árið 2021

Þrátt fyrir mjög strangar sóttvarnatakmarkanir í janúar, náði SSÍ að halda sinn fyrsta æfingadag fyrir landsliðshópa. Sundfólkinu var skipt í tvo hópa sem fengu bæði fræðslu og æfingu í Reykjanesbæ laugardaginn 16. Janúar.

Æfingabúðir fyrir 10 manna Úrvalshóp voru haldnar í Reykjavík dagana 19. – 26. febrúar. Hópurinn var bjó saman á Grand Hótel. Stórt fagteymi kom að þessum búðum, þar sem tíminn var notaður mjög vel og ýmislegt mælt og skoðað.

Í september saman með sundmælingum var fræðsla og sameiginleg æfing fyrir landsliðshópana. Ben Titley afreksþjálfari frá Kanada stjórnaði æfingunni og talaði við sundfólkið að æfingu lokinni.

Árið 2022

Æfingabúðir fyrir A- landslið og unglíngalandslið fór fram á Tenerife 2. -12. febrúar. Sundfólkið var samtals 22, 3 þjálfara, 1 næringar og styrktar þjálfari var einnig með í för sem bauð upp á einstaklingsviðtöl og fyrirlestra. Þessar æfingabúðir heppnuðust mjög vel og er þetta frábær tími til að fara með sundfólk í æfingabúðir.

Fræðslu- og æfingadagur var haldinn í byrjun maí í Laugardalslaug. Þar voru þeir félagar Gauti Grétarsson og Bragi Reynir Sæmundsson með fyrirlestur, ásamt því að yfirmaður landsliðsmála fór í gegnum landsliðsverkefni sumarsins. Dagurinn endaði svo með sameiginlegri æfingu.

26 manna hópur sundfólks út landsliðshópum SSÍ tók þátt í Glasgow International 27. – 29 maí. Mótið var hluti af undirbúningi fyrir Norðurlandamót Æskunnar, Evrópumeistaramót Unglinga, Ólympíuleika Evrópuæskunnar og Evrópumeistaramótið sem eru alþjóðleg meistaramót sem fara öll fram í júlí og ágúst mánuði.

Í september saman með sundmælingu var haldin fræðslu- og æfingdagur. Tom Rushton yfirþjálfari Energy Standard stjórnaði æfingunni og hélt fyrirlestur fyrir sundfólkið fyrir æfinguna.

Á haustmánuðum sendi SSÍ okkar besta sundfólk til þátttöku á þremur World Cup mótum. Markmið verkefnisins var auka reynslu okkar besta fólks að keppa á stórum og sterkum mótum, einnig að verðast á milli landa.

Sex einstaklingar kepptu í Berlín dagana 21. – 23. Október, einn í Toronto 28. – 30. Október og 3 í Indianapolis dagana 3. – 5. Nóvember.

Alþjóðleg meistaramót

Evrópumeistaramótið í 50m laug, haldið í Búdapest 7. - 23. maí 2021

Fimm Íslenskir keppendur tóku þátt í mótinu, þau Dadó Fenrir, Jóhanna Elín, Kristinn, Snæfríður Sól og Steingerður. Árangurinn hér er að mörgu leyti ágætur, þó ýmislegt hefði mátt falla betur með okkur. Við förum af einstöku sundmóti reynslunni ríkari, sundmóti þar sem umgjörðin miðaði fyrst og fremst að því að sundfólkið gæti keppt hér með sem minnstum truflunum vegna veirufjandans og náð árangri.

Hópurinn bjó í sóttkví allt mótið og fimm daga til viðbótar við heimkomuna til Íslands.

Evrópumeistaramót Unglinga í 50m laug, haldið í Róm 6. – 11. júlí 2021

Fimm sundmenn náðu lágmarkum á mótið í ár en það eru þau Freyja Birkisdóttir og Kristín Helga Hákonardóttir úr Breiðabliki, Símon Elías Statkevicius og Daði Björnsson úr Sundfélagi Hafnarfjarðar og Eva Margrét Falsdóttir úr Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar. Helst ber að nefna Símon, sem átti mjög gott mót og bætti sinn besta árangur töluvert í öllum greinum.

Norðurlandamót Æskunnar í 50m laug, haldið í Klaipéda 10. – 11. Júlí 2021

Átta sundmenn voru valdir til þess að keppa á mótinu í ár, en það eru þau : Sunneva Bergman Ásbjörnsdóttir úr ÍRB, Sunna Arnfinnsdóttir úr Ægi, Nadja Djuovic og Guðmundur Karl Karlsson úr Breiðabliki, Katja Ilja Andriydsdóttir, Snorri Dagur Einarsson, Birnir Freyr Hálfánarson og Veigar Hrafn Sigbórsson úr SH. Góður árangur náðist, þar sem Birnir Freyr vann til gullverðlauna í 100m flugsundi, Snorri Dagur brons í 100m bringusundi og Veigar Hrafn brons í 1500m skriðsundi.

Ólympíuleikarnir í 50m laug, haldnir Tokyo 23. – 30. júlí 2021

Þá var komið að Ólympíuleikum sem var fresta um eitt ár út af Covid. Mótið var haldið með miklu

takmörkunum, en gekk samt furðu vel fyrir sig. Opnunarhátíðin mjög skrítin, þar sem 100.000 manna leikvangur var tómu, eingöngu keppendur tóku þátt. Keppendur Íslands voru þau Anton Sveinn McKee sem keppti í 200m bringusundi og Snæfríður Sól Jórunnardóttir sem keppti í bæði 100m og 200m skriðsundi. Snæfríður Sól stóð sig frábærlega og bætti sinn besta árangur í báðum greinum og endaði í 20. sæti í 200m skriðsundi.

Evrópumeistaramótið í 25m laug, haldið í Kazan 2. – 6. nóvember 2021

Sundsamband Íslands er með 3 sundmenn á mótinu en það eru þau Anton Sveinn McKee, Snæfríður Sól Jórunnardóttir og Steingerður Hauksdóttir. Góður árangur náðist á mótinu þar sem Antoni Sveini McKee endaði í 10. sæti í 200m bringusundi og 16. sæti í 100m bringusundi. Snæfríði Sól Jórunnardóttur átti gott mót og komst í sín fyrstu 16 manna úrslit í 200m skriðsundi og endaði í 12. Sæti. Steingerður átti einnig gott mót og bætti sinn besta árangur.

Norðurlandameistaramótið í 25m laug, haldið í Vásby 3. – 5. desember 2021

Ísland sendi 12 manna lið til keppni í Svíþjóð: Birnir Freyr Hálfánarson SH, Daði Björnsson SH, Eva Margrét Falsdóttir ÍRB, Fannar Snævar Hauksson ÍRB, Freyja Birkisdóttir Breiðablik, Kristín Helga Hákonardóttir Breiðablik, Katja Lilja Andriyadóttir SH, Símon Elías Statkevicius SH, Snorri Dagur Einarsson SH, Steingerður Hauksdóttir SH, Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir ÍRB, Veigar Hrafn Sigþórsson SH.

Bestum árangri núnu stöllumar Freyja Birkisdóttir og Eva Margrét Falsdóttir, sem nældu í fyrstu verðlaun Íslands á Norðurlandamóti Unglinga í yfir 10 ár. Freyja vann brons í 400m skriðsundi og Eva Margrét vann brons í 200m fjórsundi.

Heimsmeistaramótið í 25m laug, haldið í Abu Dhabi 16. – 21. desember 2021

Heimsmeistaramótið í 25m laug fór fram í Abu Dhabi í Arabíska furstadæminu upp úr miðjan desember. SSÍ áttu einn keppenda á mótinu, það var Jóhanna Elín Guðmundsdóttir SH. Árangurinn ágætur, þar sem hún synti rétt við sína bestu tíma, eftir stór bætingar í báðum greinum á ÍM25.

Heimsmeistaramótið í 50m laug, haldið í Búdapest 18. – 25. júní 2022

HM50 fór fram í Búdapest 18. – 23. Júní og vorum við með 2 keppendur á mótinu. Árangurinn var bara nokkuð góður.

Anton Sveinn synti 100m bringusund og varð í 17 sæti. Anton synti sína aðalgrein 200m bringusund og þar synti hann sig inn í 16 manna úrslit á nýju Íslandsmeti. Hann synti sig einnig inn í 8 manna úrslit þar sem bætti aftur metið sitt í greininni. Anton Sveinn synti gríðarlega vel í úrslitum og um tíma leit út fyrir verðlaun í þessari grein hjá okkar manni en hann náði 6 sætinu á HM50 2022.

Snæfríður Sól Jórunnardóttir : Hún synti 200 metra skriðsund á tímanum og varð í 20 sæti alveg við Íslandsmetið sitt í greininni. Hún synti einnig 100m skriðsund og varð í 26 sæti og synti alveg við sinn besta tíma síðan á ÓL.

Evrópumeistaramót Unglinga í 50m laug, haldið í Búkarest 5. – 10. júlí 2022

Var haldið í Búkarest dagana 5. – 11 júlí. SSÍ á 5 keppendur á mótinu í ár sem er sami fjöldi og í fyrra. Ágætis árangur náðist þar sem tvö ný unglíngamet litu dagsins ljós. Fyrra metið sett Daði Björnsson í 50m bringusundi þessi góði árangur skilaði honum í 20. Sæti og aðeins 0,18 sekúndum frá 16 manna úrslitum. Seinna metið setti Freyja Birkisdóttir í 1500m skriðsund þegar hún sló eigið met með bætingu upp á rúmar 4 sekúndur, sem skilaði henni í 16. sæti. Einar Margeir Ágústsson synti gríðarlega vel á EMU í Búkarest og setti nýtt unglíngamet og piltamet, gamla metið var síðan 2005. Einar synti sig inn í 16 manna úrslit í 100m bringusundi og endaði í 15 sæti.

Norðurlandamót Æskunnar í 50m laug, haldið í Tallinn 9. – 10. Júlí 2022

Ísland átti 8 keppendur á mótinu í ár sem fram fór í Tallinn. Birnir Freyr Hálfánarsson tryggði sér tvö gullverðlaun á mótinu og náði íslenska sundfólkið í nokkur skipti í fjórða og fimmta sætið á mótinu. Virkilega góður árangur hjá okkar fólki á NÆM.

Ólympíudagur Evrópuæskunnar í 50m laug, haldið í Banská Bystrica 24. – 30. júlí 2022

SSÍ var með 5 keppendur á EYOF í ár. Birnir Freyr Hálfánarson komst tvisvar í úrslit á mótinu, og

tryggði sér bronsverðlaun í 200m fjórsundi og varð fimmti í 100m flugsundi. Þetta er besti árangur SSÍ á EYOF síðan 1997.

Evrópumeistaramótið í 50m laug, haldið í Róm 11. – 17. ágúst 2022

Undirbúningur fyrir EM50 hófst með æfingabúðum í Barcelona frá 1. – 8. ágúst.

EM50 fór svo fram í Róm 11. 17 ágúst. Fjórir sundmenn náðu lágmarkum að þessu sinni en það voru þau Anton Sveinn McKee, Jóhanna Elín Guðmundsdóttir, Simon Elías Statkevicius öll úr Sundfélagi Hafnarfjarðar og Snæfríður Sól Jónunnardóttir úr sundfélagi Álaborgar í Danmörku. Besta árangri náði Anton Sveinn og Snæfríður Sól. Snæfríður Sól komst í 16 manna úrslit í 200m skriðsundi og endaði þar í 15. sæti.

Anton Sveinn synti í 16 manna úrslitum í 200m bringusundi og aftur í 8 manna úrslitum. Hann varð í sjötta sæti í greininni.

Jóhanna Elín synti ágætlega á EM50, hún bætti sig í sumum greinum og var alveg við sinn besta tíma í öðrum. Símon Elías var að taka þátt í sínu fyrsta stórmóti fullorðna og stóð hann sig mjög vel, var með bætingar í sínum greinum.

Anton Sveinn tók þátt í Spænska meistaramótinu í júlí sem var liður í undirbúningi fyrir EM50 í Róm. Anton synti til sigurs í 100m bringusundi og varð annar á mótinu í 200m bringusundi.

Norðurlandameistaramótið í 25m laug, haldið í Bergen 10. – 12. desember 2022

Norðurlandameistaramótið fór fram í Bergen í Noregi, 10 – 13 desember. Þar áttum við 20 sundmenn og áttum við sundfólk í úrslitum á hverjum degi. Hæst ber að nefna að Birnir Freyr Hálfánarson tryggði sér Norðurlandameistaratililinn í 200m fjórsundi, Snorri Dagur Einarsson tryggði sér silfurverðlaun í 100m bringusundi, Patrik Viggó Vilbergsson tryggði sér bronsverðlaun í 200m baksundi, Björn Ingvi Guðmundsson náði sér í bronsverðlaun í 1500m baksundi og Freyja Birkisdóttir tryggði sér bronsverðlaun í 800m skriðsundi. Fimm verðlaun á NM er besti árangur hjá Íslensku sundfólki í áratug, en mótið í ár var sterkara en oft áður.

Heimsmeistaramótið í 25m laug, haldið í Melbourne 11. – 18. Desember 2022

Heimsmeistaramótið í 25m laug fór fram í Melbourne í Ástralíu um miðjan desember. SSÍ áttu tvo keppendur á mótinu, það voru þau Anton Svein McKee og Snæfríður Sól Jónunnardóttir. Snæfríður Sól hóf fyrst keppni og gerði sér lítið fyrir og synti sig inn í 16 manna úrslit á nýju íslandsmeti, 53,21. Í úrslitum gerði hún enn betur og bætti metið aftur, 53,19 og varð fimmtánda í greininni en alls voru skráðir 69 keppendur í 100m skriðsundi. Snæfríður setti einnig íslandsmet í 200m skriðsundi á HM25, en hún synti á tímanum 1:55,34 og varð í 11 sæti Anton Sveinn varð í 18 sæti í 100m bringusundi og 10 sæti í 200m bringusundi. Virkilega finn árangur hjá okkar fólki.

Vegna fjarlægðar fór hópinn í 10 daga æfingabúðir í úthverfi Melbourne til að aðlagast tímamismun. Mjög vel heppnað verkefni, sem var unnið í samvinnu með hinum norðurlöndunum.

Þeir sem kepptu á alþjóðlegum meistaramótum árið 2022

Nafn	Félag	Verkefni
Anton Sveinn McKee	SH	HM50 + HM25 + EM50 + 2 World Cup
Bergur Fáfur Bjarnason	SH	NM + NÆM
Birnir Freyr Hálfánarson	SH	EYOF + NM + NÆM + World Cup
Björn Yngvi Guðmundsson	SH	NM
Daði Björnsson	SH	EMU + NM + World Cup
Einar Margeir Ágústsson	ÍA	EMU + World Cup
Eva Margrét Falsdóttir	ÍRB	EMU + NM
Fannar Snævar Hauksson	ÍRB	NM
Freyja Birkisdóttir	Breiðablik	EMU + NM + World Cup
Guðmundur Karl Karlsson	Breiðablik	NM
Guðmundur Leo Rafnsson	ÍRB	NM
Jóhanna Elín Guðmundsdóttir	SH	EM50
Katja Lilja Andriyasdóttir	SH	NM

Katla María Brynjarsdóttir	ÍRB	NÆM
Kristín Helga Hákonardóttir	SH	NM
Nadja Djurovic	Breiðablik	EYOF + NM + NÆM
Patrik Viggó Vilbergsson	SH	NM + World Cup
Símon Elías Statkevicius	SH	EM50 + NM + World Cup
Snorri Dagur Einarsson	SH	EMU + NM
Snæfríður Sól Jórunnardóttir	Aalborg	HM50 + HM25 + EM50
Steingerður Hauksdóttir	SH	NM + World Cup
Sunna Arnfinnsdóttir	Ægir	EYOF + NM + NÆM
Sunneva Bergmann Ásbjörnsdóttir	ÍRB	NM + NÆM
Vala Dís Cicero	SH	NM
Veigar Hrafn Sigbórsson	SH	NM
Ylfa Lind Kristmannsdóttir	Ármann	EYOF + NM + NÆM
Ýmir Chatenay Sölvason	Fjölnir	EYOF + NÆM

